

Foreldrafélag Grunnskóla Stykkishólms

Stjórnarfundur haldinn í GSS, mánudaginn 5. nóvember 2012 kl. 18

Mætt voru: Kolbrún, Sigurdís, Áskell, Sigrún, Elín, Eydís, Hildigunnur, Halla, Ægir, Alda Leif, Alma Dís og Róbert.

1. Jólaföndur

Rætt hvort allir eigi að föndra á sama tíma eða hvort skipta eigi bekkjunum. Bent var á að ef allir eru í einu verður skortur á stólum. Ákveðið að hafa í tvennu lagi, 1.-7. bekk annars vegar og unglíngastigið (8.-10. bekk) hins vegar.

Rætt um mögulega dagsetningu fyrir jólaföndur. Reynt að láta ekki skarast á við tónfundi Tónlistarskólans, körfuboltaleiki meistaraflokka o.fl. Niðurstaðan að hafa 1.-7. bekk mánudaginn 10. desember kl. 18 og 8.-10. bekk þriðjudaginn 11. desember kl. 18.

Fulltrúar hvers bekkis ákveða hvað verður gert en sumir stefna á spilakvöld, aðrir á föndur. Nokkrar hugmyndir voru ræddar á fundinum en nánari ákvarðanir teknar á næsta fundi.

2. Félagsgjald

Valgreiðslukrafa að fjárhæð kr. 2.000 verður send í bankann á næstunni. Tekjurnar verða nýttar til að efla starfsemi foreldrafélagsins og standa fyrir viðburðum fyrir börn og foreldra. Var reynt á síðasta ári og gekk mjög vel.

3. Facebook-síða foreldra

Stofnuð hefur verið síða á Facebook, sem ætluð er til að efla samskipti og koma skilaboðum á milli foreldra barna í GSS. Hópurinn heitir „Foreldrafélag grunnskólans í Stykkishólmi“ og eru allir foreldrar barna í GSS velkomnir í hópinn.

Fundi slitið kl. 18:55. Næsti fundur verður haldinn mánudaginn 26. nóvember kl. 18.

Fundargerð ritaði Róbert A. Stefánsson.